

30. nóvember 2010
SI-68584

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum. Mál nr. 219. á 139. löggjafarþingi.

Með tölvupósti dags. 25. nóvember 2010 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að verulegar breytingar hafi orðið á starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins í kjölfar bankahrans haustið 2008 og unnið hafi verið að því að laga starfsemi stofnunarinnar að nýjum aðstæðum. Tilgangur frumvarpsins sé að tryggja Fjármálaeftirlitinu fjárhagslegt sjálfstæði og sé þar verið að fylgja kjarnareglum Alþjóðagreiðslubankans um virkt fjármálaeftirlit (BIS - Bank for International Settlements – Core Principles for Effective Banking Supervision).

Gert er ráð fyrir að eftirlitsgjald á árinu 2011 hækki um 40,4% frá fyrra ári sem er umtalsverð hækkun, væntanlega tímabundin vegna aukinna verkefna í kjölfar bankahrans og endurreisnar fjármálakerfisins. Þessi hækkun kemur til viðbótar við aðrar auknar og nýjar álögur á fjármálafyrirtæki, svo sem starfsemi umboðsmanns skuldara sem er fjármagnaður með gjaldtöku á lánafyrirtæki, áform um sérstakan bankaskatt og að auki skattar á hagnað lögaðila sem áætlað er að muni hækka í 20% á árinu 2011.

Seðlabankinn styður að fjármálaeftirlit sé styrkt eins og kostur er en bendir jafnframt á nauðsyn þess að álögur á fjármálafyrirtækin verði hóflegar og ekki of íþyngjandi fyrir starfsemi þeirra. Að öðru leyti gerir Seðlabanki ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Tryggvi Pálsson
framkvæmdastjóri